

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**705. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 18. júlí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf EBÍ, aðalfundur Fulltrúaráðs EBÍ 2011.
3. Bréf SSNV. samgönguáætlun 2011-2022.
4. Bréf Siglingastofnunar, sjóvarnaskýrsla.
5. Málefni Selaseturs Íslands ehf..

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdir sem eru í gangi s.s. endurbætur á bóllindum vatnsveitu, viðhald á Reykjaskóla, uppsetning bæjarmerkja, viðhald á búnaði í sundlaug o.fl.
2. Lagt fram til kynningar bréf EBÍ, dags. 4. júlí 2011, þar sem kynnt er annars vegar úthlutun úr styrktarsjóði 2011 og hins vegar ákvörðun um tímasetningu aðalfundar Fulltrúaráðs EBÍ þann 12. október n.k.
3. Lagt fram til kynningar bréf SSNV. dags. 8. júlí 2011 um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022. Gert er ráð fyrir að hver landshluti leggi fram áætlun um 3-5 forgangsmál í samgönguframkvæmdum fyrir árin 2011-2014 nú í haust, sem hluta af 4ra ára framkvæmdaáætlun. .
4. Lagt fram bréf Siglingastofnunar dags. 12.07.2011, sjóvarnaskýrsla. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
5. Fram lagt erindi Selaseturs Íslands ehf. þar sem óskað er eftir því að gerður verði skriflegur samningur milli Selaseturs Íslands ehf. og Húnaþings vestra til allt að 6 ára er kveði á um árlegar styrkveitingar Húnaþings vestra til Selaseturs Íslands. Í erindinu kemur fram að undangenginn flutningur á safni Selasetursins í nýjan og glæsilegan sýningarsal hafi haft í för með sér umtalsverðan kostnað. Fjármögnun vegna flutnings safnsins þarf að tryggja og er gerð samnings af þessu tagi liður í skipulagðri áætlun þar að lútandi. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir að verða við erindi Selaseturs Íslands ehf. og felur skrifstofustjóra að undirrita fyrirliggjandi drög að samningi milli málsaðila þar sem m.a. kemur fram að Húnaþing vestra skuldbindi sig til að leggja Selasetri Íslands ehf. til árlegan styrk að fjárhæð kr. 2.000.000- Samningurinn er til 6 ára, 2012-2017. Markmið samnings þessa er að undirbyggja enn frekar náttúrutengda ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Samþykkt að taka á dagskrá.

6. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi, umsögn vegna leyfis samkv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði, vegna umsóknar Víglundar Gunnþórssonar um endurnýjun leyfis til að reka gististað í flokki V að Dæli. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:16

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúi

---

Elín Jóna Rósinberg.